146 í dag hætt að starfa, og beiðist því strikað út af firmaskrá Hafnarfjarðar.

pt. Hafnarfirði, 10. apríl 1929.
Virðingarfyllst.
Steindór Einarsson.

3. Leyfum oss hérmeð að tilkynna, að úr stjórn h/f. „Sindri“ hefir gengið stórkaupmaður. Fr. Steinholt, Bankastræti 6, en í hans stað verið kosinn verzlunarmaður. Skúli Jónsson, Vesturgötu 5, og ritar hann firmað ásamt tveim meðstjórnendum þannig:

H.F. Sindri.
Jens Eyjólfsson. Skúli Jónsson.
H.F. Sindri.
Skúli Jónsson. Jón Eiríksson.
Virðingarfyllst.
H.F. Sindri.
Jens Eyjólfsson. Jón Eiríksson. Skúli Jónsson.

147

# AUGLÝSING

**frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1929.**

*Skrás. 1929, nr. 1.*

Tilkynnt 12. desbr. 1928, kl. 3. síðd., af firmanu Hovis, Limited, verksmiðjurekstur og verzlun, London, England, og skrásett 3. janúar 1929.

Orðið:

**HOVIS**

Merkið er skrásett í London 14. desbr. 1895, 42. flokki, fyrir efni notuð sem matvæli eða í mat, og síðast endurnýjað 14. desbr. 1923. — Tilkynnandi er fyrst 29. marz 1901 skráður sem eigandi merkisins.

*Skrás. 1929, nr. 2.* 147

Tilkynnt 12. desbr. 1928, kl. 3 síðd., af Vacuum Oil Company, Aktiebolag, verzlun, Stockholm í Svíþjóð, og skrásett 3. janúar 1929. Orðið:

**Mobilubricant**

Samkvæmt tilkynningu 18. maí 1926, er merkið skrásett í Stokkhólmi 25. s. m. fyrir olíur og smurningsefni, fljótandi eða föst, og svipuð efni til smurnings, ljósa og hitunar, ásamt steinolíuefnum og þesskonar til orkuframleiðslu. Er orðið Mobilubricant að skoða sem sérstakt heiti á ofangreindum vörutegundum.

*Skrás. 1929, nr. 3.*

Tilkynnt 18. desbr. 1928, kl. 2 síðd., af firmanu Chrysler Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 3. janúar 1929.

Hnöttur með þverbandi, þar sem standa orðin: FARGO EXPRESS.

Samkv. tilkynningu 5. apríl 1928, er merkið skrásett í Washington 2. október s. á. fyrir vöruflutningabifreiðar og almenningsvagna og hluta úr þeim, og er orðið Fargo sérstaklega tilbúið heiti á ofangreindum vörutegundum.

147 *Skrás. 1929. nr. 4.*

Tilkynnt 18. desbr. 1928, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 3. janúar 1929.




Miði með tvöfaldri umgerð, þar sem standa efst orðin: De Soto, með skrifletri. Þar fyrir neðan er miðanum skift í fjóra reiti, og eru í tveimur þeirra fuglsmyndir, en í hinum skrautmyndir.

Samkv. tilkynningu 5. apríl 1928, er merkið skrásett í Washington 9. október s. á. fyrir bifreiðar og hluta úr þeim, og ber að skoða orðin De Soto sem sérstaklega tilbúið heiti á ofangreindum vörutegundum.

*Skrás. 1929, nr. 5.*

Tilkynnt 19. desbr. 1828, kl. 11 árd., af Hlutafélaginu „Shell“ á Íslandi, olíuverzlun, Skildinganesi við Skerjafjörð, og skrásett 5. janúar 1929.

Orðið:

# MJALLHVÍT

Merkið er skrásett fyrir steinolíu og steinolíuafurðir og er orðið Mjallhvít að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti á ofangreindum vörutegundum.

*Skrás. 1929, nr. 6.*

Tilkynnt 19. desbr. 1928, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 5. janúar 1929.

Orðið:

**ÆGIR**

Merkið er skrásett fyrir steinolíu og steinolíuafurðir og er orðið Ægir að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti á þeim vörutegundum.

*Skrás. 1929, nr. 7.*

Tilkynnt 19. desbr. 1928, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 5. janúar 1929.

Orðið:

**SVANHVÍT**

Merkið er skrásett fyrir steinolíu og steinolíuafurðir, og ber að skoða orðið Svanhvít sem sérstaklega tilbúið heiti á þeim vörutegundum.

*Skrás. 1929, nr. 8.*

Tilkynnt 3. janúar 1929, kl. 11 árd., af Anton Larsen, verzlun, Köbenhavn, Danmörku, og skrásett 11. s. m.

Orðið:

**„ULTRA"**

Samkv. tilkynningum 13. apríl 1927 og 12. maí 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 21. maí 1927 fyrir rúðugler, og 16. júní 1929 fyrir glóðarlampa.

*Skrás. 1929, nr. 9.*

Tilkynnt 9. janúar 1929, kl. 4 síðd., af General Motors Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 11. s. m.

147 Orðið: OLDSMOBILE, í sporöskjulagaðri umgerð.

Samkv. tilkynningu 22. marz 1928, er merkið skrásett í Washington 7. ágúst s. á. fyrir bifreiðar og vöruflutningabifreiðar og hluta í þær. Orðið Oldsmobile ber að skoða sem sérstakt heiti á ofangreindum vörutegundum

*Skrás. 1929, nr. 10.*

Tilkynnt 11. febrúar 1929, kl. 11 árd., af Chrysler Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 23. s. m.

Ferstrendur miði með bogadregnum hornum. Á honum sést víkingaskip og þar fyrir neðan orðið: PLYMOUTH.

Samkv. tilkynningu 15. júní 1928, er merkið skrásett í Washington 1. janúar 1929 fyrir bifreiðar og hluta úr þeim.

*Skrás. 1929, nr. 11.*

Tilkynnt 21. marz 1929, kl. 5 síðd., af General Motors Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 2. apríl s. á.

Skjöldur með skábandi og á því stendur orðið: OAKLAND. **147**




Samkvæmt tilkynningu 30. júlí 1928, er merkið skrásett í Washington 15. janúar 1929 fyrir bifreiðar og hluta úr þeim, og er orðið Oakland að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti á ofangreindum vörutegundum.

*Skrás. 1929, nr. 12.*

Tilkynnt 4. apríl 1929, kl. 5 síðd., af firmanu Stanco Incorporated, verksmiðjurekstur, Wilmington í Delaware, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 12. s. m.







Tveir ferhyrndir miðar með skrautumgerð og bogadreginni efri rönd, og áletrun. — Á öðrum miðanum stendur með feitu letri orðið: M i s t o l, en þar fyrir neðan ummæli um vöruna, og neðst orðið: N u j o l. Á hinum miðanum stendur efst orðið: M i s t o l, en þar fyrir neðan lesmál.

Samkvæmt tilkynningu 21. maí 1928, er merkið skrásett í Washington 27. nóvember s. á. fyrir nef- og hálssprautur.

147 *Skrás. 1929, nr. 13.*

Tilkynnt 4. apríl 1929, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 12. apríl s. á.




Miðar á fjórar hliðar uppphárrar öskju. Á fram- og afturhlið eru myndir ýmist af karlmanni eða kvenmanni, sem eru að sprauta meðali upp í nefið. Þar fyrir ofan stendur orðið: Mistol. Utan um báða miðana er skrautumgerð. Á langhliðunum stendur orðið: Mistol, en þar fyrir ofan og neðan lesmál. Neðst öðru megin stendur nafn tilkynnanda og heimilisfang. Á endamiðum öskjunnar stendur einnig orðið: Mistol, innan umgerðar með skáhornum.

Samkvæmt tilkynningu 18. maí 1928, er merkið skrásett í Washington 20. nóvember s. á., fyrir nef- og hálsspráutur.

*Skrás. 1929, nr. 14.*

Tilkynnt 15. apríl 1929, kl. 3 síðd., af I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, verksmiðjurekstur og verzlun, Frankfurt am Main í Þýzkalandi, og skrásett 16. s. m.

Orðið:

# Calnitro

Samkvæmt tilkynningu 7. desember 1928, er merkið skrásett í Berlín 5. marz 1929 fyrir áburðarefni.

*Skrás. 1929, nr. 15.* 147

Tilkynnt 20. apríl 1929, kl. 5 síðd., af A/S. Sano, verksmiðjurekstur, Frederiksberg, Köbenhavn, og skrásett 24. maí s. á.

Orðið:

# „Expanko“

Samkvæmt tilkynningu 15. júní 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 4. ágúst s. á. fyrir: Akuryrkju-, skógræktar-, garðræktar- og fiskiveiðaafurðir, lyf, efnasamsetningar til læknisfræðilegrar- og hreinlætisnotkunar, lyffræðisleg meðul og samsetningar, plástur, sáraumbúðir og aðrar hjúkrunarvörur, meðul til útrýmingar dýrum og jurtum, sótthreinsunarmeðul, meðul til varðveitingar á matvælum, áburðarefni, hárgreiðsluvinnu, skraut, tilbúin blóm, borðdúka- og sængurlín, lýsingar-, hitunar-, eldhús-, kæli-, þurkunar- og viðrunaráhöld og -tæki, vatnsleiðslu-, bað-, snyrtingar- og salernisefni, burstagerðarvörur, snyrtivörur, hreinsunar- og fægivörur, efnasamsetningar til iðnaðar-, vísinda- og ljósmyndanotkunar, slökkvitæki og -áhöld, herðunar- og kveikiáhöld, tannlæknisáhöld, húsgögn og efni, þéttiefni, einangrunarmeðul við hita, raka, rafmagni og hljóði, hráar og hálfunnar óæðri málmtegundir, hnífaðgerðarvörur, smíðatól, sting- og höggvopn, nálar, öngla, skeifur og nagla, glerungaðar og tinaðar vörur, járnbrautaryfirbyggingarefni, járnvörur, járnsmíðavörur stórar og smáar, byggingarmálmleggingar, skrár, nálagerðarvörur, pjátursvörur, akkeri, festar, klukkur, peningaskápa og -kassa, talningskassa, myndjárn, valsaða og steypta byggingarhluta og -tæki úr járni og öðrum málmum, vélar, flutningstæki til lands og sjávar og í loftinu, með eða án vélareksturs, ásamt hlutum og tækjum úr þeim, litarefni, liti, málmþynnur, feldi, skinn, garnir, leðurvörur, fernis, lakk, terpentínu, bæs, harpeis, límefni, slikju- og sútunarefni, fægingar- og fágunarefni, tvinna, garn og aðrar spunavörur, net, kaðlavörur, stálvírskaðla, rafmagnskaðla og -vír, spunatægjur, troðningsefni, þéttiefni, öl, vín, vínanda, gosdrykki, vínandasnauða drykki, heilsu- og baðsölt, æðri málma, gull-, silfur-, nikkel- og aluminiumvörur, vörur úr bronze, nýsilfri og öðrum svipuðum málmblöndum, ekta og óekta skrautgripi, gimsteina og perlur, ásamt eftirlíkingum af slíkum glysvarningi, regnhlífar, stafi, eldiviðarefni, lýsingarefni, orkuframleiðsluefni, vax, harðgúmm, harðgúmmslíkingar, og vörur úr þeim, tekniskar olíur og feiti, smurningsefni, vörur úr tré, beini, horni, skjaldböku, skíði, fílabeini, perlumóður, rafi, sæfrauði, tréningi og svipuðum eðlilegum eða tilbúnum efnum, kork og allar þar af framleiddar vörur með eða án viðbótar af öðrum efnum, rennismíða- og myndskurðarvörur, körfu-

147 gerðar- og aðrar fléttaðar vörur, myndaramma og lista í þá, líkneski til kjólasaums-, klæðskera- og hárgreiðslunotkunar, læknisáhöld, -tól og -tæki, umvafsvörur, tilbúin augu og tennur, eðlisfræðislegar-, efnafræðislegar-, sjónfræðislegar-, jarðmælinga-, sjómennsku-, raffræðis-, vogar-, merkis-, eftirlits- og myndtöku- vélar, -áhöld og -tæki, raffræðisleg innlagningarefni, mælingatæki, teikniáhöld, hljóðfara og hljóðfaraáhöld, útvarpstæki og myndvarpstæki, aflvélar til reksturs með gufu, rafmagni, gasi, olíu, steinolíu, benzíni og öðrum brenniefnum ásamt vatnsþrýstingi, vinnu- og verktólaefnum af öllum tegundum og til sérhverrar notkunar, hluta af öllum hérnefndum vélum, rekstursreimar, slöngur, sjálfhreyfivélar, búsáhöld, fjósa-, garð- og akuryrkjuáhöld, húsgögn, spegla, upptroðnar vörur, veggfóðrara- og hússkreytingavörur, rúmstæði, skipsrúm, hljóðfæri, ásamt hlutum og tækjum, er þeim fylgja, kjöt- og fiskvörur, kjötseyði, niðursoðið kjöt og fiskur, grænmeti, ávaxtavörur, egg, mjólk og rjóma ásamt afurðum af þeim, smjör, ost, matarolíu og feiti, kaffi, kaffibæti, te, sykur, síróp, hunang, mjöl, grjón, úrsælding og aðrar malaraafurðir, deigvörur, krydd, ídýfu, edik, sennep og matarsalt, kókó, súkkulaði, sykurvörur, brauðgerðar- og kökugerðarvörur, ger, bökunarduft, matarhæfisfæðu, malt, fóðurefni, pappír, pappa, valpappa, pappírs- og pappavörur, þar á meðal bækur, nótur, og aðrar margföldunarprentvörur, spil, myndtökuvörur, hráefni, og hálfgerðar vörur til pappírsgerðar, skilti, myndamót, stafi, listvörur, postulín, postulínsstein, leir, gler, spegilgler, gljái, stein, tilbúinn stein, sement, kalka, gips, steinsteypu, bik, asfalt, tjöru, byggingarefni, þakpappa, kögurvörur, bönd, saum- og leggingarvörur, tölur, útsaum, knipplinga, blúndur, söðlasmíða-, töskugerðar-, bókbands-, og leðurvörur, ritföng, teikni-, málara- og myndmótaáhöld, skrifstofuáhöld og tæki, kennsluáhöld, skotfæri, ilmvötn, snyrtivörur, loftnæmar olíur, sápur, þvotta- og aflitunarefni, sterkju og sterkjuefni, litunarábæti til þvotta, blettaafmáunarefni, ryðvarnarefni, efni til fágunar, slípunar og gljáingar og varðveitingar á tré, leðri, málmi, gleri, steini og leirvörum, leikföng, íþrótta- og leikfimisáhöld og útbúnað, billiard með öllu þar tilheyrandi og aðrar spilavörur og -áhöld, sprengiefni, eldspýtur, flugelda, skothleðslu, hrátóbak, tóbaksafurðir, vindlingspappír, ábreiður, strábreiður, gólfdúk, vaxdúk, gluggatjöld, fána, tjöld, poka, úr og úrhluta, ofin og prjónuð efni og flóka.

*Skrás. 1929, nr. 16.*

Tilkynnt 30. apríl 1929, kl. 12 á h., af A/S Norsk Biokemisk Industri, verksmiðjurekstur, Oslo, Noregi, og skrásett 24. maí s. á.

Ferstrendur, aflangur, svartur miði, með skrautrönd. Ofarlega á miðanum er hvítur hringur, og þar fyrir neðan orðið: COLIRON, með hvítum stöfum. 14




Samkv. tilkynningu 13. nóvember 1924, er merkið skrásett í Oslo 6. júní 1925, fyrir járnkend bætiefnissambönd.

*Skrás. 1929, nr. 17.*

Tilkynnt 30. apríl 1929, kl. 12 á hád., af Everlite, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 24. maí s. á.




Mynd af gjósandi eldfjalli og þar fyrir neðan orðið: EVERLITE. Merkið er skrásett í London 23. ágúst 1928, 13. flokki, fyrir venjulega lampa, og er tilkynnandi fyrst 6. marz 1929 skráður sem **eigandi merkisins.**

147 *Skrás. 1929, nr. 18.*

Tilkynnt 3. maí 1929, kl. 2 síðd., af Tanqueray, Gordon & Company, Limited, áfengisbruggun, London, Englandi, og skrásett 24. maí s. á.

Orðið:

# GORDON'S

Merkið er skrásett í London 6. ágúst 1927, 43. flokki, fyrir genever, cocktails, áfenga glóaldin-bittera, sloe gin og whisky, og er orðið: Gordon's að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofantaldar vörutegundir.

*Skrás. 1929, nr. 19.*

Tilkynnt 21. maí 1929, kl. 11 árd., af Pro-Phy-Lac-Tic Brush Company, verksmiðjurekstur, Northampton, Massachusetts, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 30. s. m.




Mynd af gulri pappaöskju; á tveim hliðum hennar er mynd af tannbursta, birtum á svörtum grunni. Á nokkrum stöðum á öskjunni eru prentuð orðin: Pro-phy-la-tic, alstaðar með rauðu, nema á tannburstamyndunum, þar eru þau prentuð með svörtu. Á rautt band, sem liggur utan um öskjuna, þegar hún er sett saman, er prentað orðið: OVAL, með hvítu; annað, sem prentað er á öskjuna, er með svörtu.

Samkvæmt tilkynningu 20. júlí 1928, er merkið skrásett í Washington 29. janúar 1929 fyrir tannbursta.

*Skrás. 1929, nr. 20.* 147

Tilkynnt 5. júní 1929, kl. 11 árd., af H/f Sjóklæðagerð Íslands, sjóklæða- og vinnufatnaðargerð, Reykjavík, og skrásett 20. s. m.




Tvöfaldur hringur. Á milli hringanna standa orðin: SJÓ-KLÆÐAGERÐ ÍSLANDS, og tvær stjörnur milli orðanna. Í innri hringnum er brjóstmynd af skeggjuðum manni með sjóhatt á höfði.

*Skrás. 1929, nr. 21.*

Tilkynnt 12. júlí 1929, kl. 2 síðd., af Tate & Lyle, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 20. s. m.




Skáhyrndur, ferhyrndur flötur og þvert yfir flötinn, lárétt frá horni til horns, er letrað orðið: TATE.

Merkið er skrásett í London 7. ágúst 1926. 42, flokki, fyrir sykur.

*Skrás. 1929, nr. 22.*

Tilkynnt 12. júlí 1929, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 20. s. m.




Aflangur, rétthyrndur flötur; yfir hann eru dregnar tvær hálf-mána-myndaðar línur og innan þeirra letruð í boga orðin: LYLE'S

147 GOLDEN SYRUP. Neðan við neðri línuna er sporöskjulagaður hringur, og í efri rönd hans er letrað: ABRAM LYLE & SONS, en í neðri röndina: SUGAR REFINERS. Í miðjum hringnum er mynd af sofandi ljóni. Fyrir neðan sporbauginn eru ýmsar dráttmyndir, svo og í hornum aðalflatarins.

Merkið er skrásett í London 8. janúar 1912, 42. flokki, fyrir síróp, og síðast endurnýjað 8. janúar 1926. Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 11. janúar 1922.

*Skrás. 1929, nr. 23.*

Tilkynnt 12. júlí 1929, kl. 2 síðd., af Wallace, Scott & Co., Limited, klæðagerð, Glasgow, Skotlandi, og skrásett 20. s. m.




Svartur, ferhyrndur flötur; í miðju hans er hringur með hvítri umgerð og innan í honum minni hringur, einnig með hvítri umgerð. Innan í minni hringnum er mynd af gapandi ref. Bak við hringana eru krosslagðir í fletinum lúður og keyri. Í röndinni, sem myndast af umgerð ytri og innri hringsins, er letrað í boga að ofan orðið: "DEXTER".

Merkið er skrásett í London 9. marz 1911, 38. flokki, fyrir allskonar klæðagerð, þó ekki legghlífar, glófa, hálslín eða aðrar svipaðar vörutegundir. Merkið síðast endurnýjað þar 9. marz 1925.

*Skrás. 1929, nr. 24.*

Tilkynnt 12. júlí 1929, kl. 2 síðd., af Wright, Layman & Umney, Limited, verksmiðjurekstur, London, Englandi, og skrásett 20. s. m.



Sporöskjulagaður hringur og innan hringsins að ofan eru letruð orðin: SAPO CARBONI, en að neðan orðið: ETERGENS. Í miðjum hringnum er dreginn annar sporöskjulagaður hringur og má í efri rönd hans lesa orðið: SEVERANDO, en aðra áletrun þar hylur svört, rétthyrnd ræma, brydduð hvítum röndum, er liggur skáhalt yfir aðalhringinn frá vinstri til hægri, en á ræmuna eru letruð með hvítum stöfum orðin: WRIGHT'S COAL TAR SOAP. 147

Merkið er skrásett í London 10. nóvember 1928, 48. flokki, fyrir ilmsápu.

*Skrás. 1929, nr. 25.*

Tilkynnt 15. júlí 1929, kl. 2 síðd., af Marmon Motor Car Company, verksmiðjurekstur, Indianapolis, Indiana, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 20. s. m.

MARMON

Orðið: MARMON innan í sporöskjulöguðum skraut-sveig.

Samkvæmt tilkynningu 9. júlí 1917, er merkið skrásett í Washington 17. desember 1918, fyrir bifreiðar, og er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkisins 23. maí 1927.

*Skrás. 1929, nr. 26.*

Tilkynnt 15. júlí 1929, kl. 2 síðd., af Pro-Phy-Lac-Tic Brush Company, verksmiðjurekstur, Northampton, Massachusetts, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 20. s. m.




Gul pappa-askja með hvítri tannburstamynd á svörtum grunni. Á öskjuna eru prentuð orðin: Pro-phy-lac-tic, alstaðar með rauðu, nema á tannburstamyndunum. Utan um öskjuna, þegar hún er saman sett, lykur svartur borði. Á borða þessum stendur letrað orðið: MASSO og fleira, alt með hvítu letri. Annað það, sem prentað er á öskjuna, er með svörtu letri.

147 Samkvæmt tilkynningu 20. júlí 1928, er merkið skrásett í Washington 28. maí 1929 fyrir tannbursta, sópa, bursta og rykþurkur.

*Skrás. 1929, nr. 27.*

Tilkynnt 9. júlí 1929, kl. 11 árd., af Kaffee-Handels-Aktiengeschellschaft, verzlunarfélag, Bremen, Þýzkalandi, og skrásett 20. s. m.




Hjartalöguð mynd. Þar fyrir ofan standa orðin: KAFFEE HAG SCHONT, en neðst til vinstri: IHR HERZ, og neðst til hægri er mynd af kaffiöskju með áletrun.

Samkvæmt tilkynningu 8. október 1928, er merkið skrásett í Berlín 7. febrúar 1929, fyrir kaffi.

*Skrás. 1929, nr. 28.*

Tilkynnt 23. júlí 1929, kl. 11 árd., af Det Danske Petroleums-Aktieselskab, verzlun, Köbenhavn, og skrásett 9. ágúst s. á.

Orðið:

**„Antibank“**

Merkið er skrásett fyrir afurðir og afrakstur úr hrárri steinolíu, sérstaklega hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur og feitiefni, ýmist með eða án viðbótar af dýra-, jurta- eða steinefnum eða kemiskum efnum eða samsetningum, til ljósa, eldsneytis, orkuframleiðslu, hitunar og smurninga.

Samkvæmt tilkynningu 4. maí 1929, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 15. júní s. á. fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1929, nr. 29.*

Tilkynnt 22. júlí 1929, kl. 3 síðd., af Chrysler Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 9. ágúst s. á.

Orðin:

**DODGE BROTHERS**

Samkvæmt tilkynningu 9. febrúar 1921, er merkið skrásett í Washington 5. júlí s. á., fyrir bifreiðar, sem sé „Tourings“, „Roadsters“, „Sedans“, „Koupé“, „Limousine“, Taxameter-drossíur, ennfremur grindur, yfirbyggingar og hitunartæki í slík farartæki. 147

Samkv. útskrift úr vörumerkjaskrá Bandaríkjanna er tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 15. nóvember 1928.

*Skrás. 1929, nr. 30.*

Tilkynnt 17. ágúst 1929, kl. 6 síðd., af Ligner-Werke Aktiengesellschaft, verzlun, Dresden í Þýzkalandi, og skrásett 22. s. m.

Orðið:

**ODOL**

Samkvæmt tilkynningu 25. apríl 1896, er merkið skrásett í Berlín 6. október s. á. fyrir læknislyf og umbúðarefni fyrir menn og dýr, dýra- og jurta-eyðingarefni, varðveitingarefni, sótthreinsunarefni, bursta og burstavörur (kústa, sófla, skrúbbur og pensla), ennfremur kamba, vetti, fernis, lakk, harpeis, límefni, vax, gólfáburð, drykki a) öl, b) vín og áfengi, c) gosdrykki og kolsúrt vatn, þar með talið baðvatn, ennfremur brunn- og baðsölt, kjötvörur, kjötseyði, hlaup og góðmeti, egg, mjólk, smjör, ost, smjörlíki, matarfeiti og matarolíur, sápur, fægi- og gljáefni, ryðvarnarefni, ilmvötn, snyrtiefni, tóbaksvörur (vindla, vindlinga, reyk-, munn- og neftóbak).

Merkið er síðast endurnýjað 13. apríl 1926 og er tilkynnandi fyrst skráður eigandi þess 18. janúar 1913.

*Skrás. 1929, nr. 31.*

Tilkynnt 25. júní 1929, kl. 11 árd., af Elders & Fyffes, Limited, verzlun, London, Englandi, og skrásett 5. september s. á.

Orðið:

**FYFFES**

Merkið er skrásett í London 27. febrúar 1929, 41. flokki, fyrir nýja ávexti og grænmeti, og nýtur hér verndar frá tilkynningardegi í heimalandinu.

*Skrás. 1929, nr. 32.*

Tilkynnt 19. júní 1929, kl. 11 árd., af Kunerolwerke, Emanuel Khuner & Sohn A/G, verzlun, Wien, Austurríki, og skrásett 14. september s. á.

Orðið:

KUNEROL

Samkvæmt tilkynningu 20. febrúar 1917, er merkið skrásett í Wien, fyrir allskonar feiti.

*Skrás. 1929, nr. 33.*

Tilkynnt 19. júní 1929, kl. 11 árd., af Kalodont-, Milly Kerzen-, Seifen- und Glyzerine-Fabrik, F. A. Sarg's Sohn & Cie, G. m. b. H., og skrásett 14. september s. á.




Rauð askja með 4 ílöngum, bleikum reitum með áletrun: 1) ZAHNCREME, 2) KALODONT, 3) ZAHNCREME og 4) F. A. Sarg's Sohn & Cie sind auch Erzeuger der empfehlenswerten Alesia-Parfümeriewaren Creme-Seife-Shampoo-Puder; á vinstri enda öskjunnar er minni, bleikur, skásettur reitur með áletruninni: KALODONT, en á hægri enda hennar kringlóttur blettur, með mynd af skál og sól og orðið: Sarg, þar fyrir neðan. Á öskjunni eru ennfremur tvö svört bönd með nafni og heimilisfangi tilkynnanda.

Samkvæmt tilkynningu 11. október 1928, er merkið skrásett í Wien fyrir: Býflugnavax og vörur gerðar úr því, jarðvax og allar vörur gerðar úr því, glyserin, kerti, allskonar fegrunaráhöld og -efni, sérstaklega til hirðingar og varðveitingar á hörundi, tönnum og hári, Oxokerit og allar vörur gerðar úr því, ilmvötn, sápur, kertabik, vaxkæfur, Ceresin og allar vörur gerðar úr því og Ceresinkæfur. Er orðið „Kalodont“ að skoða sem sérstakt heiti á ofangreindum vörutegundum.

*Skrás. 1929, nr. 34.*

Tilkynnt 26. júlí 1929, kl. 3 síðd., af Ardath Tobacco Company, Ltd., tóbaksgerð, London, Englandi, og skrásett 20. september s. á.




Ílangur einkennismiði, sem skift er í þrjá rétthyrnda reiti. Í miðreitnum stendur orðið: ARDATH. Í efra horni vinstra útreitsins er letrað orðið: ARDATH, en í neðra horni er hálfbaugur og stendur upp með baugnum vindlingur, er á er skráð orðið: Ardath. Neðst meðfram jaðri þessa reits, er letrað nafn og heimilisfang tilkynnanda. Í miðjum hægra útreitnum er hringur, og innan í honum mynd af tveimur jurtapottum. Fyrir neðan jurtapottana er borði, og á hann skráð með smáu letri nafn og heimilisfang tilkynnanda, en fyrir neðan borðann stendur orðið: ARDATH. Meðfram neðri jaðar þessa útreits og fyrir neðan hringinn er skráð nafn og heimilisfang tilkynnanda.

Merkið er skrásett í London, 20. febrúar 1929, 45. flokki, fyrir bréfvindlinga.

*Skrás. 1929, nr. 35.*

Tilkynnt 28. ágúst 1929, kl. 11 árd., af John Haig & Company, Ltd., víngerð, Markinch á Skotlandi, og skrásett 27. september s. á.

Orðið:

**DIMPLE**

Merkið er skrásett í London 23. nóvember 1926, 43. flokki, fyrir fjörgandi drykki og vín.

*Skrás. 1929, nr. 36.*

Tilkynnt 20. ágúst 1929, kl. 2 síðd., af The Centaur Company, Ltd., verksmiðjurekstur, Montreal í Quebec, Canada, og skrásett 4. október s.á.



147 Ferstrendur miði, aflangur og þéttstrikaður, og er á hann letrað orðið: CASTORIA, bogadregið, með svörtum stöfum.

Merkið er skrásett í Ottawa 12. apríl 1923 fyrir jurtnæmt efnasamband til meltingar fæðunni og til að koma lagi á störf magans hjá unglingum og börnum, þannig að melting, vellíðan og hvíld aukist, og til tálmunar harðlífi, niðurgangi og hitaástandi og þar af leiðandi svefnleysi í barnæsku. — Orðið „Castoria“ ber að skoða sem sérstakt tilbúið heiti fyrir téðar vörutegundir.

*Skrás. 1929, nr. 37.*

Tilkynnt 20. ágúst 1929, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 4. október s. á.




Merkið er í 5 hlutum: 1) Mjór, ferstrendur miði, sem á stendur upplýsing um vöruna á spönsku, ásamt nafninu: Chas. H. Fletcher, ritletruðu, og orðin: New York. 2) Breiðari, ferhyrndur miði; yfir honum stendur: Net Contents 15 Fluid Drachms; á miðanum er ferhyrningur með stýfðum hornum, en á honum stendur: 900 Drops; ferhyrningurinn er beint yfir breiðu, þéttstrikuðu bandi, sem nær yfir þveran miðann, en á því stendur í bogadreginni línu orðið: CASTORIA, með svörtum stöfum; neðar er dökkt band og á það letruð orðin: INFANTS CHILDREN; neðst á miðanum er breiðara, dökkt band og á því stendur: At 6 months old 35 Doses 40 Cents. Milli þessara þriggja banda standa upplýsingar um eðli vörunnar og nafnið: Chas. H. Fletcher, ritletrað, og þar að auki orðin: The Centaur Company, New York, í tveim lín-

um. 3) og 4) Ferhyrndir, mjóir miðar, þar sem á standa upplýsingar um vöruna á frönsku og þýzku og nafnið: Chas. H. Fletcher, ritletrað, og orðin: New York. 5) Lítill, ferhyrndur miði, með skrautumgerð; á honum stendur nafnið: Chas. H. Fletcher, með rithönd, og: New York City, milli orðanna: CASTORIA. — Hægra megin við 4. miðann stendur nafnið: Chas. H. Fletcher, með rithönd, milli orðanna: The facsimile signature of, og orðanna: is on every wrapper.

Merkið er skrásett í Ottawa 26. apríl 1923 fyrir jurtnæmt efnasamband til meltingar fæðunni og til að koma lagi á störf magans hjá unglingum og börnum, þannig að melting, vellíðan og hvíld aukast, og til tálmunar harðlífi, niðurgangi og hitaástandi og þar af leiðandi svefnleysi í barnæsku. — Orðið „Castoria“ ber að skoða sem sérstakt tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

*Skrás. 1929, nr. 38.*

Tilkynnt 26. ágúst 1929, kl. 2 síðd., af J. C. Eno, Ltd., lyfjagerð, London, Englandi, og skrásett 10. október s. á.

Orðið:

ENO

Merkið er skrásett í London 30. júlí 1919, 3. flokki, fyrir Salinelyfjablöndun, og er tilkynnandi skráður eigandi merkisins 13. júlí 1920.

*Skrás. 1929, nr. 39.*

Tilkynnt 26. ágúst 1929, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 10. október s. á.

Orðið:

FRUIT SALT

Merkið er skrásett í London 2. apríl 1926, 3. flokki, fyrir tilbúning lyfja, og er tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 15. apríl 1920 og er skrásetning þess endurnýjuð frá þeim degi að telja.

147 *Skrás. 1929, nr. 40.*

Tilkynnt 26. ágúst 1929, kl. 2 síðd., af sama, og skrásett 10. október s. á.




Ferhyrndur, ílangur einkennismiði með skrautumgerð. Í útjöðrum hans er mynd af ávaxtajurt í fullum blóma. Þar fyrir innan standa orðin: "FRUIT SALT", skráð með stóru letri, en þar fyrir neðan eru ummæli um vöruna og enn neðan skáferhyrningur með áletruninni: ENO. Neðst á einkennismiðanum er hringur og standa innan í honum orðin: Truth and Light. Efst í skrautumgerð miðans stendur nafn tilkynnanda, en heimilisfang hans neðst.

Merkið er skrásett í London 2. júlí 1918, 3. flokki, fyrir lyfjablöndu handa mönnum, og er tilkynnandi skráður eigandi merkisins 15. apríl 1920.

*Skrás. 1929, nr. 41.*

Tilkynnt 8. október 1929, kl. 11 árd., af The Hercules Cycle & Motor Company, Ltd., verksmiðjurekstur, Birmingham, Englandi, og skrásett 19. s. m.

Orðið:

**Hercules**

Merkið er skrásett í London 15. júní 1914, 22. flokki, fyrir reiðhjól, og sú skrásetning endurnýjuð 15. júní 1928.

*Skrás. 1929, nr. 42.* 147

Tilkynnt 2. október 1929, kl. 3 síðd., af The Firestone Tire & Rubber Company, verksmiðjurekstur, Akron í Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 25. s. m.

Orðið:

**Firestone**

Samkvæmt tilkynningu 5. apríl 1920, er merkið skrásett í Washington 29. marz 1921, fyrir gúmmíhringi, holhringi og fullhringi, slöngur, gúmmígagnsýrð, ofin efni til framleiðslu og viðgerðar á hringum, hluta af hringum, sem sé kraga til krækingar og reimingar, bætur og viðgerðar-loftpoka, viðgerðarbætur úr lérefti og gúmmí, slöngubætur, flögumyndaðar og í stykkjum, fóður og flögumyndað gúmmíefni til viðgerðar á lofthringum, sem sé slitlagsgúmmí, hringagúmmí, slöngugúmmí, gúmmí í svonefnd úlfaldabaksslitlög og samsuðugúmmí.

*Skrás. 1929, nr. 43.*

Tilkynnt 17. október 1929, kl. 1 síðd., af Stanco Incorporated, verksmiðjurekstur, Wilmington í Delaware og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 7. nóvember s. á.




Mynd af flösku með pjátursloki. Á framhlið flöskunnar stendur ofarlega orðið: N u j o l, með upphleyptum stöfum, en neðar sama orð, með svörtum stöfum, og þar fyrir ofan og neðan ummæli um vöruna.

Samkvæmt tilkynningu 20. ágúst 1924, er merkið skrásett í Washington 7. desember 1926, fyrir steinkenda olíu til efna-, meðala- og lyfja-notkunar.

147 *Skrás. 1929, nr. 44.*

Tilkynnt 17. október 1929, kl. 1 síðd., af sama, og skrásett 7. nóvember s. á.







Ferstrendur miði með áletrun beggja megin. Öðru megin er skrautumgerð. Þar fyrir innan stendur orðið: N u j o l, undirstrikað, og ýms ummæli um vöruna. Hinu megin er samskonar umgerð, og stendur efst þar fyrir annan sama orð undirstrikað, og neðst nafn tilkynnanda, þar á milli standa ýmisleg ummæli um vöruna.

Samkvæmt tilkynningu 13. febrúar 1929, er merkið skrásett í Washington 9. júlí s. á., fyrir steinkennda olíu til efna-, meðala- og lyfjanotkunar.

*Skrás. 1929, nr. 45.* 147

Tilkynnt 17. október 1929, kl. 1 síðd., af sama, og skrásett 7. nóvember s. á.




6 ferstrendir miðar, gerðir til að hylja hliðar á öskju. Tvær hliðarnar eru eins: Fyrir innan skrautumgerð stendur efst orðið: N u j o l, undirstrikað, en neðst er mynd af Nujol-flösku og -öskju, og þar fyrir neðan er strik. Á þriðju hliðinni stendur efst orðið: N u j o l, undirstrikað, og neðst nafn tilkynnanda og heimilisfang, ennfremur upplýsingar um vöruna. Á fjórðu hliðinni er skrautumgerð, og þar fyrir innan orðið: N u j o l, undirstrikað. Á fimmtu hliðinni stendur efst orðið: N u j o l, undirstrikað, og þar fyrir neðan ummæli um vöruna. Á sjöttu hliðinni er breitt strik, og stendur þar fyrir neðan nafn tungumálsins, sem notað er á miðanum.

Samkvæmt tilkynningu 13. febrúar 1929, er merkið skrásett í Washington 9. júlí s. á., fyrir steinkennda olíu til efna-, meðala- og lyfjanotkunar.

*Skrás. 1929, nr. 46.*

Tilkynnt 30. júlí 1929, kl. 3 síðd., af H/F „Shell“ á Íslandi, olíuverzlun, Skildinganesi við Skerjafjörð, og skrásett 22. nóvember s. á.

147 Mynd af kórónu og orðið: CROWN letrað með latneskum bókstöfum fyrir neðan myndina.



# CROWN

Merkið er skrásett fyrir allar olíutegundir, þó sérstaklega steinolíu, jarðolíu, olíu til ljósa, hreinsaðar olíur, lampaolíu, smurningsolíur allskonar, benzín, terpentínu, kerti, parafín-vax og allar aðrar vaxtegundir, oleine, vaselin, petroleum-jellies, stanga- og handsápur, seresine og allar aðrar olíur og olíuafurðir.

*Skrás. 1929, nr. 47.*

Tilkynnt 30. júlí 1929, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 22. nóvember s. á.

Orðið:

## „ALBINO ASPHALT“

Merkið er skrásett fyrir jarðbik, stálbik og önnur efni úr því, hvort heldur notað til bygginga allskonar eða vegagerðar eða á hvern annan hátt, sem það kann að vera notað, einnig málningu og önnur ryðverjandi efni, og eru orðin: „Albino Asphalt“ að skoða sem sérstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1929, nr. 48.*

Tilkynnt 27. september 1929, kl. 12 á hád., af Vacuum Oil Company, verzlunarfélag, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 22. nóvember s. á.

Orðið:

## MOBILGREASE

Samkvæmt tilkynningu 5. nóvember 1928, er merkið skrásett í Washington 11. júní 1929, fyrir smurningsfeiti.

*Skrás. 1929, nr. 49.*

Tilkynnt 22. október 1929, kl. 11 árd., af Marmon Motor Car Company, verksmiðjurekstur, Indiapolis í Indiana, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 22. nóvember s. á.

Orðið: R o o s e v e l t, er stendur innan í ílangri, sexhyrndri umgerð; yfir krók þann, er gengur aftur úr bókstafnum „R", er sett talan 8.

Samkvæmt tilkynningu 21. janúar 1929, er merkið skrásett í Washington 4. júní s. á. fyrir bifreiðar í 19. flokki og vélalausa vagna.

*Skrás. 1929, nr. 50.*

Tilkynnt 3. desember 1929, kl. 11 árd., af The J. B. Ford Company, verksmiðjurekstur, Wyandotte í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 10. s. m.

Oblátumynduð eftirlíking af rauðu innsigli, og orðin: RED SEAL í boga fyrir ofan.

Samkvæmt tilkynningu 4. september 1928, er merkið skrásett í Washington 12. febrúar 1929 fyrir lút og klórblandað lím í 6. flokki, efnafræðilegar vörur, lyf og lyfjaefni.

*Skrás. 1929, nr. 51.*

Tilkynnt 1. nóvember 1929, kl. 2 síðd., af National Geographic Society, verzlun, Washington í Columbia, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 14. desember s. á.

147 Ferstrend, ílöng skrautumgerð með blaðsveigum, og er mynd af jarðarhnettinum í miðju hverrar hliðar. Innan í skrautumgerðinni standa efst orðin: THE NATIONAL GEOGRAPHIC MAGAZINE.




Samkvæmt tilkynningu 11. maí 1929, er merkið skrásett í Washington 10. september s. á., fyrir tímarit.

*Skrás. 1929. nr. 52.*

Tilkynnt 26. nóvember 1929, kl. 2 síðd., af Deutsche Linoleum Werke A/G, verksmiðjurekstur, Bietigheim, Þýzkalandi, og skrásett 14. desember s. á.

Orðið:

# Stragula

Samkvæmt tilkynningu 21. apríl 1927, er merkið skrásett í Berlín 27. júní s. á., fyrir dúka á gólf, veggi og borð.

*Skrás. 1929, nr. 53.*

Tilkynnt 26. nóvember 1929, kl. 2 síðd., af sama.

Ferstrendur, svartur miði með línuumgerð. Á miðanum standa, með hvítu letri, stafirnir: DL, og þar fyrir neðan: W.

Samkvæmt tilkynningu 20. desember 1926, er merkið skrásett í Berlín 12. marz 1927, fyrir gólfdúk og svipuð efni. 147

*Skrás. 1929, nr. 54.*

Tilkynnt 26. nóvember 1929, kl. 2 síðd., af Converse Rubber Company, verksmiðjurekstur, Maldan í Massachusetts, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 14. desember s. á.

Innan í stóru C stendur stafurinn X, með skrautstrikum í kring.

Samkvæmt tilkynningu 21. janúar 1916, er merkið skrásett í Washington, 28. maí 1918, fyrir stígvjel og skó, sem eru að öllu eða nokkru leyti gerð úr harðgúmmí. — Tillkynnandi er fyrst skráður sem eigandi merkisins 14. júní 1929.

*Skrás. 1929, nr. 55.*

Tilkynnt 10. desember 1929, kl. 11 árd., af Mjólkurfélagi Reykjavíkur, verzlunarfélag, Reykjavík, og skrásett 14. s. m.



147 Aflangur, rauður ferhyrningur með mjórri, hvítri rönd út við brún, allt í kring. Innan í ferhyrningnum er sporöskjulagaður, hvítur reitur með mynd í bláum lit af víkingi í herklæðum, með sverð og skjöld. Ofan við hvíta reitinn standa með hvítu letri orðin: FARM & GARDEN TOOLS, í boga, en neðan við reitinn orðin: Best Cast Steel, einnig með hvítu letri.

Merkið er skrásett fyrir skóflur, kvíslar og önnur landbúnaðarverkfæri.

Samkvæmt 10. gr. laga 13. nóvember 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið **endurnýjuð** á árinu:

*Skrás. 1909, nr. 1.*

Det Danske Petroleums A/S, Köbenhavn, frá 20. febrúar 1909.

*Skrás. 1909, nr. 2.*

Sami, frá 20. febrúar 1909.

*Skrás. 1909, nr. 3.*

Bass, Ratcliff & Gretton, Ltd., Burton-onTrent, Englandi, frá 30. júlí 1909.

*Skrás. 1909, nr. 4.*

Sami, frá 30. júlí 1909.

*Skrás. 1909, nr. 5.*

Sami, frá 30. júlí 1909.

*Skrás. 1909, nr. 6.*

Sami, frá 30. júlí 1909.

*Skrás. 1909, nr. 7.*

Det Danske Petroleums A/S, Köbenhavn, frá 18. septbr. 1909.

*Skrás. 1909, nr. 8.*

Sami, frá 18. septbr. 1909.

*Skrás. 1909, nr. 9.*

A/S Aalborg Portland-Cement Fabrik, Aalborg, frá 18. september 1909.

*Skrás. 1919, nr. 1.*

Archibald McLellan, Allison V. Stewart o. fl. f. h. dbús. Mary Baker G. Eddy, Boston, Bandaríkjum N.-Ameríku, frá 11. janúar 1919.

*Skrás. 1919, nr. 2.*

Carnation Milk Products Comp., Seattle, Bandaríkjum N.-Ameríku, frá 12. apríl 1919.

*Skrás. 1919, nr. 3.*

Texas Company, New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, frá 12. apríl 1919.

*Skrás. 1919, nr. 4.*

British-American Tobacco Company, Ltd., London, Englandi, frá 12. apríl 1919.

*Skrás. 1919, nr. 5.*

John Dewan & Sons, Ltd., London, Englandi, frá 12. apríl 1919.

*Skrás. 1919, nr. 7.*

Tide Water Oil Company, Bayonne, Bandaríkjum N.-Am., frá 26. apríl 1919.

*Skrás. 1919, nr. 10.*

Carlsberg Bryggerierne, Köbenhavn, frá 25. septbr. 1919.

*Skrás. 1919, nr. 11.*

Sami frá 25. septbr. 1919.

*Skrás. 1919, nr. 12.*

Thomas Bear & Sons, Ltd., London, Englandi, frá 25. september 1919.

*Skrás. 1919, nr. 17.*

The Gramophone Company, Ltd., Hayes, Englandi, frá 27. september 1919.

*Skrás. 1919, nr. 18.*

Stefán Thorarensen, Reykjavík, frá 2. október 1919.

*Skrás. 1919, nr. 19.*

Sami, frá 2. október 1919.

147 *Skrás. 1919, nr. 20.*

Sami, frá 25. október 1919.

*Skrás. 1919, nr. 22.*

The American Tobacco Comp., New York, Bandaríkjum N.-Ameríku, frá 22. nóvbr. 1919.

*Skrás. 1919, nr. 23.*

Sami, frá 22. nóvbr. 1919.

*Skrás. 1919, nr. 25.*

James Buchanan & Co., London, Englandi, frá 27. dsbr. 1919.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík,

31. desember 1929.

148

# REIKNINGUR

## Ræktunarsjóðs Íslands árið 1928.

*Höfuðstóll 31. des. 1928.*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Frá fyrra ári | kr. | 1740539 | 77 |
| 2. | Andvirði seldra þjóðjarða | — | 7300 | 00 |
| 3. | Afgjald þjóðjarða | — | 35268 | 81 |
| 4. | Hluti af útflutningsgjaldi | — | 80697 | 14 |
| 5. | Viðlagðir 3½ % vextir | — | 60918 | 89 |
| | | Kr. | 1924724 | 61 |

*Varasjóður 31. des. 1928.*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Frá fyrra ári | kr. | 16806 | 53 |
| 2. | Lántökugjald | — | 4184 | 25 |
| 3. | Vextir | — | 742 | 50 |
| 4. | Tekjuafgangur 1928 | — | 955 | 09 |
| | | Kr. | 22688 | 37 |